

Föstudaginn 17. mars 1989.

Nr. 195/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Þorbjörgu Sonju Aðalsteinsdóttur

(Sveinn Snorrason hrl.).

Tilraun til manndráps.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Máli þessu var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar með stefnu 11. maí 1988, en einnig af hálfu ákærvalds til refsipýngingar.

Ákærða krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvalds, ella krefst hún þess, að háttsemi hennar verði virt til viðurlaga samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara 2. mgr. sömu greinar og refsing verði felld niður samkvæmt 2. mgr. og 3. mgr. 218. gr. a. Til þrautavara er þess krafist að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið samkvæmt ákvæðum VI. kafla almennra hegningarlaga eða refsivist stýtt og skilyrt samkvæmt sömu lagaákvæðum. Komi til ákvörðunar refsingar, er þess krafist, að gæsluvarðhaldsvist ákærðu komi til frádráttar.

Með hliðsjón af álitserð Hannesar Péturssonar yfirlæknis verður að telja að ákærða sé sakhæf.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu brots til refsí-ákvæða.

Í hinum áfrýjaða dómi er greint frá stormasamri sambúð ákærðu og Hafþórs Magnússonar og áverkum sem hún hafði orðið fyrir af hans völdum, síðast nóttina áður en umræddur atburður gerðist. Ákærða hafði hringt í lögregluna þennan dag og beðið um aðstoð vegna þess að hún óttaðist ásókn Hafþórs. Eftir atburðinn tilkynnti ákærða lögreglunni, að hjá henni lægi maður í blóði sínu, og óskaði hún eftir lögreglu og sjúkrabifreið á staðinn. Áður kvaðst hún hafa reynt að kalla til sjúkralið, en ekki náð símasambandi við það.

Við ákvörðun refsingar þykir mega hafa hliðsjón af ákvæðum 4. og 9. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 2 ár og 6 mánuðir. Til frádráttar refsingu ákærðu komi gæsluvarðhaldsvist hennar í 33 daga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Þorbjörg Sonja Aðalsteinsdóttir, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhaldsvist hennar í 33 daga.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 50.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. apríl 1988.

Ár 1988, föstudaginn 15. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 229/1988: Ákærvaldið gegn Þorbjörgu Sonju Aðalsteinsdóttur, sem tekið var til dóms 6. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. janúar sl., á hendur ákærðu, Þorbjörgu Sonju Aðalsteinsdóttur, áður að Tryggvagötu 6, nú að Skúlagötu 70 í Reykjavík, fæddri þar í borg 15. febrúar 1949.

Í ákærunni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu, „fyrir tilraun til manndráps, en til vara fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa miðvikudaginn 11. febrúar 1987 um kl. 15.30 að heimili sínu að Tryggvagötu 6, Reykjavík, stungið Hafþór Magnússon, Gautlandi 11, Reykjavík, með hníf í brjóst, rétt hægra megin við bringubein, og í háls þannig, að Hafþór hlaut um 1 cm grunnt sár á hálsi við barkann og lífshættulegt stungusár á brjósti, þar sem hnífurinn gekk inn úr brjóstholi í gegnum slagæð, — arteria mammaria interna, — og rispaði lungu.

Við komu á Landakotsspítala stuttu síðar var Hafþór í losti sökum mikilla innvortisblæðinga, sem læknum tókst að stöðva í skurðaðgerð.

Telst háttsemi ákærðu aðallega varða við 211. gr., sbr. 20. gr., almennra

hegningarlaga, nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 11. febrúar 1987 klukkan 15.33 voru tveir lögreglumenn sendir af starfsmanni fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar í Reykjavík til að athuga ástand í íbúð ákærðu, Þorbjargar Sonju Aðalsteinsdóttur, nr. 505 að Tryggvagötu 6, en hún hafði hringt og óskað eftir sjúkrabifreið, því að hjá sér væri maður með blæðandi sár.

Þegar lögreglumennirnir komu á staðinn opnaði ákærða íbúðina fyrir þeim. Lá þá Hafþór Magnússon, fæddur 30. ágúst 1948, á bakinu í blóði sínu rétt innan við dyrnar. Virtist blæða nokkuð mikið úr brjósti hans, og voru tveir stórir blóðpollar á gólfinu. Hafþóri var þegar veitt aðhlynning og kallað á sjúkrabifreið og frekari aðstoð. Var Hafþór með meðvitund, en mjög af honum dregið. Var hann fluttur á Landakotsspítala.

Ákærða skýrði lögreglumönnum frá því að Hafþór væri fyrrverandi sambýlismaður sinn. Hefði hann komið til sín fyrir stundu og ósætti orðið á milli þeirra, sem hefði endað með því að hún hefði tekið lítinn hnif og stungið hann. Kvaðst ákærða hafa reynt að ná í sjúkrabifreið, en ekki náð sambandi.

Ákærða skýrði lögreglumönnum frá því að Hafþór hefði oft lagt á hana hendur á meðan þau bjuggu saman. Virtist ákærða vera nokkuð ör og æst og talaði samhengislaust. Þá var hún þrútin og rauðeygð. Var hún flutt á aðalstöð lögreglunnar og fyrir varðstjóra þar, en síðan á Landakotsspítala og tekin úr henni tvö blóðsýni. Eftir það var ákærða flutt í fanga-klefa.

Lögreglumennirnir höfðu samband við íbúa í íbúð nr. 503, sem er við hlið íbúðar ákærðu. Upplýsti kona þar að undanfarið hefði verið mikill hávaði og ófriður frá íbúð ákærðu, en konan kvaðst ekki hafa orðið vör við meiri hávaða eða læti þennan dag en venjulega.

Klukkan 14.30 þennan sama dag hafði ákærða samband við fjarskiptamiðstöð lögreglunnar vegna manns, sem væri við dyr hennar, og óttaðist hún hann. Vegna þessa fóru tveir lögreglumenn á vettvang. Var enginn maður í stigaganginum né við dyr ákærðu, og er lögreglumennirnir knúðu dyra svaraði hún ekki. Heyrðu lögreglumennirnir þó að ákærða var að tala við lögreglumann í fjarskiptamiðstöð í síma, og var hún róleg að heyra. Þrátt fyrir það að lögreglumennirnir kölluðu hátt og skýrt til ákærðu, hverjir þeir væru, og henni væri tjáð það í símann, svaraði hún ekki lögreglumönnum við dyrnar. Þeir fóru þá út í lögreglubifreiðina, sem þeir komu í, og höfðu tal af fjarskiptamiðstöðinni og var þá fjarskiptamaður í sím-

anum að ræða við ákærðu. Héldu lögreglumennirnir þá aftur að dyrum hennar, en hún svaraði ekki frekar en áður, en heyra mátti að hún var að tala áfram við fjarskiptamiðstöðina í símann. Lögreglumennirnir héldu á brott, eftir að þeir höfðu leitað vel í stigaganginum hvort þeir yrðu mannsins varir, en hurðin að íbúð ákærðu virtist traustleg og ekki hægt að merkja að maðurinn væri í íbúðinni.

Þegar kallið barst, að maður væri með blæðandi sár í íbúð ákærðu, héldu lögreglumennirnir, sem fyrst komu að íbúðinni, til aðstoðar félögum sínum. Fluttu þessir lögreglumenn ákærðu á brott, fyrst fyrir varðstjóra og síðan til blóðtöku. Í skýrslu annars þeirra segir að áfengislykt hafi verið af ákærðu og hún sljó og þvoglumælt, jafnvægi hennar mjög óstöðugt, en hún róleg. Ekki virtist hún gera sér grein fyrir alvöru atburðarins og var viðræðuglöð. Hjá varðstjóra kvaðst hún hafa neytt lyfja og nefndi þar tagamet og librium.

Í viðskiptum lögreglumannanna við ákærðu var hún mjög viðræðuglöð og ræddi um atburðinn við þá af frjálsum vilja sem og um annað. Kvaðst hún hafa stungið manninn með litlum hnif og talaði um pípuhreinsarahníf, og hefði hún gert það, því að maðurinn hefði farið svo illa með hana áður. Ekki minntist ákærða neitt á það að sér hefði staðið ógn af manningum, en hún var mjög sljó og framburður hennar í litlu samhengi og vart marktækur.

Gerð var skýrsla um samtal á milli ákærðu og fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar, sem stóð nær óslitið frá klukkan 14.28.50 til klukkan 14.49.30. Í þessu samtali kom fram í upphafi að ákærða ætti að láta lögregluna vita, þegar tiltekinn maður ónáðaði ákærðu, og væri hann að því núna. Kom fram að maðurinn væri Hafþór Magnússon, langur með gleraugu. Einni mínútu eftir að samtalið hófst var lögreglubifreið send á vettvang og hefur verið gerð grein fyrir árangurslausum tilraunum lögreglumannanna í þeirri bifreið til að komast inn til ákærðu sem þá stóð í umræddu samtali. Margneitaði ákærða að opna fyrir lögreglumönnum. Lét ákærða þess getið í samtalinu að Hafþór væri úti í „sjoppu“. Kallaði hún hann ógnvaldinn og væri hann ekki inni hjá sér.

Rannsóknarlögreglu ríkisins barst tilkynning um atburðinn klukkan 15.45, og héldu þá fimm starfsmenn hennar á staðinn. Einn þeirra, Bertram Henry Möller rannsóknarlögreglumaður, gerði skýrslu um fyrstu afskipti rannsóknarlögreglunnar af málinu. Samkvæmt henni komu Bertram og Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn á staðinn um kl. 16 og voru þá lækni, hjúkrunarfræðingur og sjúkraliðsmenn að fara með mann á sjúkrahöndum út úr íbúðinni. Var hann mjög grár í andliti og virtist nánast rænulaus.

Lögreglumenn á staðnum kváðu húsráðanda, ákærðu, hafa opnað fyrir

þeim og viðurkennt að hafa stungið manninn með litlum hníf. Hún vildi hins vegar ekki segja þeim hvar hnífurinn væri. Ákærða hafði verið flutt á brott þegar rannsóknarlögreglumennirnir komu á staðinn.

Í skýrslu Bertrams Henrys segir svo um vettvangsathugun:

„Íbúð Þorbjargar Sonju er eitt herbergi og salerni. Þegar komið er inn í íbúðina er á hægri hönd fataskápur. Á gaflí hans, sem snýr að dyrunum, eru blóðslettur. Við hlið skápsins er óumbúið rúm. Við rúmið stendur lítið sófaborð og á því bækur, tómur bolli með teskeið í og gleraugum. Tveir gólfðreglar eru undir borðinu og eru þeir kuðlaðir. Við gafl rúmsins er nokkurs konar bandhengi frá lofti og niður undir gólf. Þá er sjónvarpstæki við gaflinn. Þar til hliðar eru hillur úr trékössum og á þeim bækur og ýmislegt annað dót. Þá er hringborð og við það þrír stólar. Á borðinu er ýmiss konar dót, glös, bolli, sigarettupakkar, öskubakkar með sigarettuleifum, lítill borðlampi, sem kveikt er á, myndavél, sími, skálar og diskar, skeiðar og skrifblokk. Í einum stólanna er teppi. Undir gluggum, sem snúa út að Tryggvagötu, er ofn og við hliðina á honum stendur útvarp og þar við hliðina hillur úr trékössum með bókum, blómum og ýmiss konar dóti. Lítill kertastjaki liggur á gólfinu við útvarpið. Þá er komið að nokkurs konar eldhúskrók með eldavél, eldhúsborði og vaski. Á eldhúsborðinu er krukka með hnífapörum, tveimur litlum hnífsoxum, sem tekin voru í vörslu RLR. Í skáp undir vaski er lítill flaska með slatta af Tindavodka. Við hliðina á eldhúsborðinu er ísskápur og þar við hliðina er borð og blaðagrind. Greiða liggur á gólfinu við blaðagrindina. Við hliðina á borðinu er stóll og á honum er lampaskermur. Við hliðina á stólnum eru hvít leðurstígvél og er annað stígvélið blóðugt. Þá er komið inn á salerni. Á gólfinu er motta og á henni blóðslóð að salernisvaski, en hann er hreinn. Þá er á salerninu sturtuklefi og þvottavél. Á vegg og slökkvara við dyr salernisins er blóðkám. Hægra megin við salernisdýrnar, þegar komið er út, stendur stór kommóða, og á bak við hana er fatahengi. Á gólfi íbúðarinnar fyrir framan dýrnar inn á salernið er stór blóðpollur með blóðlifrum. Nokkru innar er annar stór blóðpollur. Þá er blóðkám og blóðdropar víða á gólfinu. Gerð er ýtarleg leit að hníf þeim, er hefur verið notaður, án árangurs að undanteknum þeim tveimur hnífsoxum, er tekin voru í vörslu RLR. Þau voru bæði hrein. Þá var gerð leit í sorptunnu í kjallara, en ekkert fannst þar.“

Klukkan 19 fékk rannsóknarlögreglan þær fregnir frá Landakotsspítala að gerð hefði verið aðgerð á Hafþóri sem væri úr lífshættu.

Vitnin Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn og Bjarni Jóhann Boga-son rannsóknarlögreglumaður fóru daginn eftir atburðinn til leitar að vopninu sem ekki var búið að finna. Eftir nokkra leit fundu þeir það í hvítum plastpoka sem var merktur SS, en í honum voru auk hnífsins teikni-blokk, litir o.fl. Var plastpokinn bak við stól við borðstofuborð og úti við

miðstöðvarofn, sem er við norðurhlíð herbergisins. Hnífurinn er 12 cm langur, skaftið 7 cm langt og 3 cm breitt. Í skaftinu eru innfelld lítil skæri, flöskuupptakari og naglaþjöl. Hnífblaðið, sem stendur út, er 5,5 cm langt með svokölluðum „tálguoddi“. Var það alblóðugt báðum megin og alveg að skafti, sem einnig var blóðugt.

Í vottorði, dagsettu 12. febrúar sl. og undirrituðu af Baldvin Þ. Kristjánssyni, aðstoðarlækni á skurðeild Landakotsspítala, f.h. Þórarins Arnórssonar skurðlæknis, segir svo um afskipti spítalans af Hafþóri Magnússyni:

„Hafþór Magnússon kom á Landakotsspítala 10 til 5 mín. fyrir kl. 16 11.2.87. Var hann fluttur hingað á neyðarbil Slysadeildar og var fluttur beint á gjörgæslu. Við komu var búið að setja upp æðaleggi og hafin vökvameðferð.

Við komuna er Hafþór greinilega í losti, gráfölur, kaldsveittur og hvorki hægt að finna puls né mæla blóðþrýsting. Hann er með töluvert minnkaða meðvitund, en getur þó fljótlega sagt til nafns.

Við skoðun gat hann hreyft alla útlími, ekki önnur einkenni frá tauga-kerfi. Hann er með tvö stungusár eftir hníf. Hið fyrra er á hálsinum ofanverðum rétt hægra megin við barka. Sárið er um 1 cm langt og samsíða barkanum. Lítið virðist hafa blætt þar úr, engin blæðing við komu. Ekkert blóð í koki og engin merki um annan skaða en skurð í fitu undir húð. Annað stungusár (u.þ.b. 1 cm) er hægra megin við bringubein, sem fer milli rifja, nokkru meira hefur blætt þar úr en þó er ekki sjáanleg blæðing út. Hins vegar eru minnkuð öndunarhljóð hægra megin. Skoðun á kvið eðlileg. Er með rispuför á vinstri framhandlegg og hendi. Heimakoma á hægri sköflungi.

Röntgenmynd leiddi í ljós að hægra brjósthol var fyllt vökva. Hann fór því strax í aðgerð hjá Þórarni Arnórssyni skurðlækni.

Kom í ljós að stungusárið náði inn úr brjóstholi, hafði rispað aðeins í lungað. Hafði einnig skorið sundur arteria mammary interna og blæddi þar verulega. Eftir að búið var að stöðva blæðinguna fór ástand hans að lagast, blóðþrýstingur hækkaði og öll lífsmörk urðu betri. Aðgerð gekk vel og hann aftur fluttur á gjörgæslu. Er ekki í lífshættu eftir að búið er að stöðva blæðinguna.

Svarar vel meðferð og er í góðu ástandi um nóttina. Fékk mikinn vökva og alls 3 l blóðs til að vega upp á móti blæðingu.

Ástand 12.2. eftir atvikum gott, öll lífsmörk góð og hann úr allri lífshættu.“

Rannsóknarlögregla ríkisins lagði fram kröfu um það í dóminum daginn eftir atburðinn, að ákærðu yrði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til 15. apríl kl. 17 og að henni yrði á gæsluvarðhaldstímanum gert að sæta rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi.

Ákærða var færð í dóminn þennan dag klukkan 17.30 og henni kynnt krafan. Gerði hún einungis athugasemd við lengd kröfunnar. Er framburður ákærðu síðan á þessa leið:

„Kærða kveður þau Hafþór Magnússon hafa búið saman áður en þau hafi slitið samvistum fyrir rúmum tveimur árum. Kærða kveður, að á meðan sambúð stóð hafi hún orðið fyrir líkamlegu ofbeldi af hans hálfu. Kærða kveður að þau hafi hist í húsi í fyrrinótt og kveður kærða Hafþór hafa veitt henni og öðrum manni áverka. Kærða kveður að í gær hafi Hafþór komið á heimili hennar. Kveðst kærða hafa hringt á lögreglu. Hafi Hafþór farið, en hringt skömmu síðar úr „sjoppu“. Að sögn kærðu kom Hafþór aftur skömmu síðar og hafi hann komið inn í íbúðina. Kærða kveður að hún hafi viljað að Hafþór færi út og kom til ryskinga á milli þeirra. Kærða kveðst nú muna óljóst eftir atburðum, en kveður, að þarna hafi verið lítill föndurhnífur á borðinu sem hún kveðst hafa beitt fyrir sig í sjálfsvörn. Kærða kveðst hafa stungið Hafþór með hnífnum oftast en einu sinni, en kveðst ekki muna hversu oft. Kærða kveðst ekki vita, hvar hnífstungurnar lentu í Hafþóri, og tekur hún fram, að hún hafi ekki ætlað að vinna honum mein, heldur hafi hún verið að verja sig gegn líkamsyfirburðum hans.

Kærða kveðst hafa kynnst Hafþóri í kringum 1980 og hafi þau þá tekið upp sambúð sem lauk árið 1984. Kærða kveður að sambúð þeirra hafi verið stormasöm og hafi þau bæði leitað á slysadeild vegna áverka sem þau hlutu.“

Í úrskurði dómsins síðar sama dag voru kröfur rannsóknarlögreglunnar teknar til greina og ákærða færð í gæslu klukkan 18.25.

Með tilkynningu rannsóknarlögreglunnar til fangelsisins í Síðumúla 17, dagsettri 17. mars 1987 kl. 16, var tilkynnt að eigi þættu lengur efni til gæsluvarðhaldsvistar ákærðu.

Tveir rannsóknarlögreglumenn fóru á Landakotsspítala daginn eftir atburðinn og ræddu við Hafþór og báðu hann að segja frá atvikum. Voru það Bertram Henry Möller rannsóknarlögreglumaður og Sigurbjörn Viðir Eggertsson fulltrúi sem ræddu við hann. Er skýrsla þeirra um framburð Hafþórs á þessa leið:

„Hafþór kvaðst hafa verið staddur í Dvergabakka 20 hjá Magnúsi Hákonarsyni um hádegðið í gær er Þorbjörg Sonja hafi hringt og beðið sig að koma að Tryggvagötu 6, því að hún þyrfti að ræða við sig. Kvaðst Hafþór hafa samþykkt það og um kl. 15.00 hafi hann komið til hennar, en áður komið við í sjoppu þar rétt hjá. Hann kvaðst strax hafa séð að Þorbjörg Sonja var undir áhrifum, en hún hafi verið róleg. Hafi hún hleypt sér inn og hann sest í stól við kringlótt borð, en stóllinn hafi snúið að gluggunum. Þorbjörg Sonja hafi sest í stól á móti sér. Hafþór kvaðst

aldrei hafa komist að því hvaða erindi Þorbjörg Sonja átti við sig en hún hafi talað um allt mögulegt, meðal annars að hann hefði átt að slá hana í andlitið í Dvergabakka 20 nóttina áður. Hafþór kvaðst hafa setið að drykkju í Dvergabakka 20 þá nótt ásamt fleirum. Hann hefði átt í útistöðum við mann, sem þar var. Þorbjörg Sonja hefði svo komið þangað, en þá allt verið með ró og spekt. Hún hefði setið þar í um eina klukkustund og drukkið þó nokkurt brennivín, sem hún hefði komið með, en síðan hringt á leigubífið og farið. Hafþór kvaðst ekki hafa lagt hendur á Þorbjörgu Sonju, meðan hún dvaldist í Dvergabakka 20, og ekki séð áverka á andliti hennar.

Hafþór kvaðst hafa verið orðinn þreyttur á masinu í Þorbjörgu Sonju, hann hefði átt að fara út á sjó í gærkveldi og átt eftir að fara í banka. Hann kvaðst því hafa sagt við Þorbjörgu Sonju, að hann þyrfti að fara, og síðan staðið upp og gengið að útidyrarhurðinni. Þá hefði Þorbjörg Sonja kallað til sín, og er hann hefði snúið sér við hefði hún komið að honum og engum togum skipt að hún rak eitthvað í brjóstið á honum. Síðan hefði hún lyft hendinni og hann þá séð, að hún var með hníf í hendinni. Þorbjörg Sonja hefði rekið hnifinn í hálsinn á sér, en hann þá náð taki á hendi hennar og hún þá misst hnifinn. Hafþór lýsir hnífnum sem litlum „vasa-hníf“ með litlu blaði, skærum og sennilega naglaþjöl.

Hafþór kvaðst hafa gengið fram á salernið til að skoða áverkana, eftir að Þorbjörg Sonja hafði misst hnifinn, og þá séð, að blóð spýttist úr brjósti sér. Hann kvaðst þá hafa gengið fram og lagst á gólfið og jafnframt beðið Þorbjörgu Sonju um að hringja á sjúkrahúsið. Þorbjörg Sonja hefði reynt að ná í sjúkrahúsið, en ekki náð sambandi og kvaðst Hafþór þá hafa beðið hana um að hringja á lögreglu sem hún gerði. Hafþór kvaðst síðan lítið muna eftir því hvað gerðist.

Hafþór kvað þetta vera í að minnsta kosti þriðja sinn sem Þorbjörg Sonja gerði svona atlögu að sér, en Hafþór kvað þau hafa verið í sambýli þar til á árinu 1984. Hafþór kvað sig minna, að það hafi verið á árinu 1982 að Þorbjörg Sonja réðst í tvígang á sig með hnífi. Í annað skiptið hefði hún stungið hann í öxl, en hitt skiptið veitt sér sár á hálsi.

Þá hafi það verið á árinu 1983, sennilega 5.11., að hún réðst á hann með buffhamri og veitti honum mikla áverka í andliti. Öll þessi skipti hafi þau verið á Nýlendugötu og í öll skiptin hafi lögregla verið kölluð til og hann fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Hafþór kveðst hafa verið nýkominn af sjó er Þorbjörg Sonja barði hann með hamrinum. Hann hafi sofnað vindaða og ekki rankað við sér fyrr en á sjúkrahúsi, allur reyfaður.

Hafþór kveðst vilja ítreka að hann geri engar kröfur í máli þessu og ekki vilja leggja fram kæru á hendur Þorbjörgu Sonju.“

Verður nú gerð grein fyrir framburði ákærðu um atburðinn sjálfan og nánasta aðdraganda hans.

Ákærða kannast ekki við að hafa gerst sek um tilraun til manndráps né heldur um stórfellda líkamsárás, en kannast við að hafa stungið Hafþór umrætt sinn með hnif í brjóst og háls, en það hafi verið gert í sjálfsvörn.

Ákærða kveðst hafa verið á Hótel Loftleiðum nóttina fyrir atburðinn og hafi hún hringt, eftir að hún kom heim í Dvergabakka 20, og talað við Hafþór sem þar var staddur, en ákærðu grunaði að svo væri. Kveðst ákærða hafa spurt Hafþór hvort hann ætti kannabisefni, og hefði hann sagt svo vera og sagt henni að koma.

Ákærða hélt að Dvergabakka 20 um klukkan 3 um nóttina í leigubifreið, og er hún kom þangað, voru þar auk Hafþórs og húsráðanda, Magnúsar Hákonarsonar, tveir menn aðrir. Voru þeir allir drukkinn nema helst húsráðandi, en á honum sá lítið. Ákærða var einnig undir áhrifum áfengis, en ekki var hún með vín meðferðis. Ákærða ræddi við Hafþór í íbúðinni, bæði inni á salerni og líka í stofunni. Þegar þau voru á salerninu braut Hafþór vaskinn með handafli, og hélt ákærða að Hafþór ætlaði að stinga hana í andlitið með glerbroti, þegar hann lyfti því upp með hendinni. Ákærða segir að Hafþór hafi sagt að hann væri ekki með kannabisefni, en um það málefni ræddu þau og annað ekki.

Ákærða segir, að Hafþór hafi slegið hana í andlitið, áður en þau fóru inn á salernið, svo að hún fékk blæðandi skurð innan á vörina. Ákærða segir, að engin áflog hafi orðið í íbúðinni af hálfu annarra, en Hafþór hafi skemmt húsgögn með því að sparka í þau.

Ákærða segist hafa farið inn á salernið með Hafþóri, þar sem hún hafi ekki átt annarra kosta völ, enda þótt hann væri þá búinn að slá hana. Hún kveðst hafa komist beint út úr íbúðinni af salerninu og hélt heim til sín í leigubifreið sem hún tók í næsta nágrenni. Hún lét leigubifreiðina koma við á Slysavarðstofunni þar sem lítið var á meiðslin. Þá seldi leigubifreiðarstjórinn ákærðu vodkaflösku sem hún fór að drekka úr heima hjá sér og var enn við þá drykkju síðdegis daginn eftir án þess að hafa sofð um nóttina.

Einhvern tíma eftir hádegið var barið að dyrum á íbúð ákærðu og opnaði hún fljótlega. Var þá Hafþór við dyrnar. Ákærða bauð honum ekki formlega inn, en hann gekk inn óboðinn og settist óboðinn við kringlótt borð í stofunni. Fljótlega á eftir settist ákærða skáhallt á móti honum.

Ákærða man ekki, hvort Hafþór fór úr skónum, þegar hann kom inn, né man hún heldur, hvort hann fór úr jakkanum, en telur, að svo hljóti að vera.

Ákærða segir að Hafþór hafi byrjað að biðja um gott veður vegna árásarinnar á ákærðu nóttina áður, og í því sambandi talaði hann um að kaupa vídeótæki handa ákærðu í siglingu sem hann var að fara í. Segir ákærða að ekki hafi verið rætt um kaup á öðru fyrir ákærðu í þessari sigl-

ingu. Kveðst ákærða hafa sagt Hafþóri að hún ætlaði að kæra hann og vildi ekkert af honum þiggja. Þá bað hún hann að fara. Segir ákærða að þá hafi Hafþór orðið illur og æstur.

Fyrsta yfirheyrslan yfir ákærðu fór fram að kvöldi 11. febrúar hjá rannsóknarlögreglu. Lýsti ákærða því, sem fram fór, svo, að viðræður þeirra Hafþórs hefðu þróast út í rifrildi og svívirðingar gagnvart sér. Hefði sér þá orðið nóg boðið og hún óskað eftir því, að Hafþór færi út. Hann hefði neitað því og þau staðið upp. Hefði Hafþór þá tekið í ákærðu og ýtt henni í áttina að eldhúsborðinu, en hún ítrekað að hann færi út. Hefði hann þá gripið í hálsinn á ákærðu, þar sem hún hefði staðið við borðið sem þau hefðu setið við. Á borðinu hefði hnífurinn verið og hún gripið hann og otað að Hafþóri og krafist þess að hann færi út. Hann hefði neitað og þau tekist á og hann reynt að ná af henni hnífnum, og einhvern tíma, meðan á átökunum hefði staðið, hefði hnífurinn stungist í Hafþór. Vissi ákærða ekki, hvort það var einu sinni eða oftár.

Næst var ákærða yfirheyrð í dómnum, þegar lögð var fram krafan um gæsluvarðhald, og hefur verið gerð grein fyrir framburði hennar þá.

Enn var ákærða yfirheyrð 23. febrúar af rannsóknarlögreglu. Sagði hún þá að Hafþór hefði lamið í borðið og talsverður æsingur og tusk orðið á milli þeirra og hún þá gripið hnífinn. Var hún þá búin að taka hnífsblaðið út, en hnífinn notaði ákærða við blómaskreytingar. Ákærða kvaðst síðan hafa ætlað út, þar sem sér hefði fundist Hafþór í því ástandi að hann gæti gert henni mein. Kvaðst ákærða hafa verið komin fram að dyrunum fram á ganginn, og hefði Hafþór haldið í vinstri öxl hennar. Hefði þá þyrmt yfir sig og hún stungið hnífnum í brjóst eða maga Hafþórs. Ákærða sagði rannsóknarlögreglu að hún hefði tekið hnífinn af borðinu, en við meðferð málsins segir hún að hún hafi tekið hnífinn úr boxi sem stóð á ofni við borðið sem þau höfðu setið við, en í boxinu hafi einnig verið pennar, heklunálar og fleiri hlutir.

Við meðferð málsins segir ákærða í fyrstu að Hafþór hefði byrjað á að henda sjónvarpinu, sem var fyrir aftan hann, og hafi það farið á hliðina. Jafnframt hafi Hafþór eyðilaggt fyrir ákærðu skerm sem hún var að búa til. Þegar hér var komið segist ákærða hafa staðið upp og sagt við Hafþór: „Hingað og ekki lengra“ og síðan gengið út að útidyrum, en þar stóð kommóða. Þangað kom Hafþór líka frá borðinu og að vinstri hlið ákærðu. Gerði hann sig líklegan til að slá ákærðu með krepptum hnefa. Var Hafþór búinn að lyfta hægri hendi í þessu skyni, og á því tímamarki rak ákærða hníf í brjóst Hafþórs. Sneri ákærða þá baki í kommóðuna. Ákærða kveðst ekki hafa verið með neinn ákveðinn stað á Hafþóri í huga þegar hún rak í hann hnífinn, og hafi það verið tilviljun hvar hann lenti. Ákærða dró hnífinn út, og í átökum, sem urðu á milli þeirra, rakst hnífurinn í háls

Hafþórs. Ákærða kveðst ekki hafa rekið hann í hálsinn af ásettu ráði. Hún man ekki, hvað hún gerði við hnífinn, eftir að Hafþór var fallinn í gólfið.

Ákærða segir síðar við meðferð málsins að það hafi verið misminni hjá sér að sjónvarpið hafi fallið um koll umrætt sinn. Það hafi gerst tvívegis í annan tíma og hafi ákærða ruglað þessu saman. Þá segir ákærða að Hafþór hafi ekki skemmt lampaskerminn fyrr en í fyrsta skipti sem hann heimsótti ákærðu, eftir að hann hafði orðið fyrir hnífstungunni og var kominn af sjúkrahúsinu.

Ákærða kveðst hafa tekið hnífinn, á meðan þau sátu við borðið, vegna þess að ákærða taldi sig þekkja gömul viðbrögð í fari Hafþórs, sem eru undanfari þess að hann beiti ákærðu ofbeldi. Ákærða segir þessi viðbrögð Hafþórs vera þau að hann hækki róminn, berji í borð og verði ör og snöggur í hreyfingum. Ákærða segist hafa haft hnífinn í hendinni við borðið, svo að Hafþór sá, og sagði við hann að hann skyldi ekki sýna ákærðu ofbeldi né eyðileggja húsmuni. Ákærða segist hafa skynjað það að hættuástand var að myndast.

Þegar ákærða sá að blóð var komið á gólfið og að það virtist vera að líða yfir Hafþór bað hún hann að leggjast á gólfið. Ákærða fór nú í síma að leita aðstoðar og Hafþór bað hana einnig um slíkt á meðan hún var að hringja. Eftir nokkrar árangurslausar tilraunir í símanum náði ákærða sambandi við lögreglu og tilkynnti um slasaðan mann og blæðandi í Tryggvagötu 6. Ákærða beið síðan komu lögreglu og sjúkraliðs. Ákærða kveðst hafa verið mikið ölvuð á þessum tíma, en ekki hafði hún neytt lyfja.

Ákærða kveðst vera örvhent og hafa verið með hnífinn í vinstri hendi. Sneri blaðið út frá þumalfingri.

Ákærða segir að hún muni eftir símhringingum til lögreglunnar og að Hafþór hafi verið búinn að koma áður að dyrunum áður en hún hleypti honum inn.

Ákærða sagði rannsóknarlögreglu í fyrstu yfirheyrslum að hún hefði haldið, að það væru lögreglumenn eða rafmagnsmaður, sem voru að banka, þegar ákærði knúði dyra öðru sinni, og hefði hún ekki ætlað að hleypa þeim inn, en maðurinn hefði sótt það svo fast að hún hefði ákveðið að opna dyrnar og gert það.

Vitnið Hafþór Magnússon sjómaður, Gautlandi 11 í Reykjavík, kveðst hafa verið nýkomið á heimili Magnúsar Hákonarsonar í Dvergabakka 20 umrædda nótt þegar ákærða kom þangað. Voru þá í íbúðinni auk vitnisins og húsráðanda tveir aðrir menn. Voru þeir allir undir áhrifum áfengis og ákærða líka, en hún var með smáslatta af áfengi með sér. Ákærða dvaldist í íbúðinni einhvern tíma, en ekki þorir vitnið að fullyrða hversu lengi, kannski eina klukkustund. Á meðan ákærða stóð við töluðu þau vitnið saman, aðallega inni á salerni, en einnig inni í stofunni. Á meðan þau voru

inni á salerninu, brotnaði vaskurinn þar sem vitnið rak í hann áfengisflösku. Vitnið kannast ekki við að hafa gert sig líklegt til að reka glerbrot í ákærðu. Vitnið segir að samræður þeirra hafi snúist um ýmsa hluti, þ. á m. fyrri sambúð þeirra sem lauk í september 1984, en hún hafði byrjað í október 1981. Vitnið segir að eftir að þau komu fram í stofuna á ný af salerninu, hafi byrjað áflog í stofunni og allir lent í þeim. Vitnið minnst þess ekki að hafa slegið ákærðu í þessum átökum, en segir að það geti verið.

Vitnið kannast ekki við að ákærða hafi hringt í það í Dvergabakkann um nóttina áður en hún kom þangað. Segir vitnið að ákærða hafi vitað um kunningsskap sinn við húsráðanda.

Vitnið segir að ákærða hafi beðið það að tala við sig næsta dag áður en vitnið færi út á sjó, en ákærða vissi að það stóð til næsta kvöld. Segir vitnið að búið hafi verið að tala um það áður og eins um nóttina að vitnið keypti ýmislegt erlendis fyrir ákærðu í siglingu þangað eftir næstu veiðiferð.

Vitnið svaf í Dvergabakkanum um nóttina, en fór niður í miðborg um hádegisbil. Ákærða hvarf á brott um nóttina fljótlega eftir áflogin.

Vitnið hélt eftir komu sína í miðborgina að Tryggvagötu 6 og upp á 5. hæð að dyrum íbúðar ákærðu, þar sem vitnið knúði dyra. Ákærða svaraði ekki, og hélt vitnið þá út í „sjoppu“ og hringdi til hennar. Hún svaraði og vitnið spurði hvort það ætti að versla fyrir hana erlendis. Bað hún þá vitnið að koma yfir til sín. Gerði vitnið það og var nú lokið upp þegar í stað. Vitnið var ódrukkið, en sá strax að ákærða var dauðadrukkinn.

Ákærða bauð vitninu sæti við kringlótt borð í stofunni og settist þar sjálf. Þá bauð hún vitninu „sjúss“ sem það afþakkaði, en kveikti sér í vindlingi og reykti hann. Tók það um 15 mínútur. Hins vegar fékk vitnið vatnsglas, en það var ekki ölvað, en „þunnt“. Á meðan var ákærða að rövla, og var ekkert af viti, sem hún sagði. Þegar vitnið var búið með vindlinginn stóð það upp og gekk fram að fatahenginu við dyrnar og sagðist vera farið og mundi hringja af sjónum. Fyrst fór vitnið í skóna, en teygði sig síðan upp í fatahengið til að taka jakka sinn. Þá kallaði ákærða í vitnið og sagði: „Talaðu aðeins við mig, Hafþór.“ Um leið var ákærða að standa upp og gekk í áttina að vitninu. Vitnið sá ekkert athugavert við ákærðu, en þegar ákærða var rétt komin að vitninu teygði hún snöggt fram vinstri höndina, en ákærða er örvhent. Hélt vitnið að ákærða ætlaði að slá það og sá ekki hníf í hendi hennar. Um leið og ákærða sló í vitnið fann vitnið að eitthvað stakkt í brjóst þess. Sá vitnið, þegar ákærða dró að sér höndina, að hún var með hníf í hendi sem hún nú rak í háls vitnisins. Náði vitnið þá að taka í hönd ákærðu og hrista af henni hnífinn. Spurði vitnið ákærðu hvort hún væri orðin brjáluð eða eitthvað í þeim dúr. Fann vitnið

samtímis að peysa þess var vot af blóði og að blóðgusur stóðu út úr bringu vitnisins. Vitnið fór inn á salernið að leita að einhverju til að setja fyrir sárið, en fann ekkert og gekk þá fram og aftur, en setti þumalfingurinn í sárið til að reyna að stöðva blóðrennslið. Það vitnið þá ákærðu að hringja á sjúkrahúsi, og reyndi hún það án árangurs og hringdi þá á lögreglu. Vitnið kveðst hafa lagst á gólfið, þegar það áttaði sig á hve áverkinn var mikill.

Vitnið kveðst hafa verið með meðvitund, þegar lögreglan kom, en rétt á eftir komu sjúkraliðsmenn. Þá var vitnið enn með meðvitund þegar það kom á sjúkrahús.

Vitnið fullyrðir að engin átök hafi orðið á milli þeirra þegar ákærða lagði til þess með hnífnum. Segist vitnið ekki hafa lagt hönd á öxl ákærðu, og ekki kveðst vitnið hafa sýnt neina tilburði að leggja hendur á ákærðu.

Vitnið segir að hnífurinn hafi verið kominn inn í háls þess þegar það náði honum.

Vitnið segir allt vera að lagast eftir áverkana, en sé enn slæmt á taugum og þori ekki að snúa baki í fólk. Þetta er þó að lagast. Telur vitnið sig ná fullri heilsu á ný og sé búið að ná henni líkamlega.

Vitnið kveðst hafa sagt við ákærðu, á meðan það stóð við hjá henni í íbúðinni umrætt sinn, að hún væri það leiðinlegasta, sem til væri, þegar hún væri full, og leiðinlegri en vitnið sjálft. Þessi ummæli vitnisins féllu þegar það var að búa sig til brottfarar og fara í skóna.

Vitnið segir, að þau hafi bæði notað hass, meðan á sambúðinni stóð og ákærða einnig notað róandi lyf.

Vitnið segir að það og ákærða hafi hist nokkrum sinnum eftir að sambúðinni lauk og einu sinni hafi vitnið verslað erlendis fyrir ákærðu. Var það í ferðinni á undan þeirri sem til stóð umrætt sinn. Keypti vitnið aðallega matvöru fyrir ákærðu.

Vitnið segir, að þau ákærða hafi hist á mánudeginum eða þriðjudeginum áður en þau hittust um nóttina í Dvergabakka.

Vitnið kveðst hafa rætt við ákærðu í nokkur skipti eftir atburðinn og þá heima hjá henni í Tryggvagötu. Síðast ræddust þau við í maí eða júní sl.

Vitnið segir að minni þess sé ekki upp á það besta, en sé að lagast eftir að vitnið hætti hassneyslu. Vitnið man þó vel atburðina í Tryggvagötu.

Vitnið gerir þá athugasemd við skýrslu þá, sem höfð er eftir því á sjúkrahúsinu daginn eftir atburðinn, að ákærða hafi ekki hringt til sín um hádegi umræddan dag né heldur hafi hún hringt í leigubíl úr Dvergabakkanum, en síminn þar hafi verið bilaður, hafi slitnað úr sambandi í ólátunum um nóttina, en hafi verið í lagi fram að því.

Vitnið heldur fast við framburð sinn í málinu og mótmælir því í framburði ákærðu sem fer í bága við það.

Vitnið kveðst ekki ætla að gera neinar kröfur á hendur ákærðu í málinu, en hún sé ekki borgunarmaður fyrir einu né neinu.

Vitnið getur ekki ímyndað sér hvað ákærðu var í huga með hnífstungunni, en segir að það hafi eins og runnið af henni um stund þegar hún hafði framið hana.

Ákærða og vitnið Hafþór voru samprófuð um það sem á milli ber í framburði þeirra. Fullyrtu bæði að framburður sinn væri réttur og reyndist samprófun árangurslaus.

Vitnið Margrét Friðjónsdóttir, Tryggvagötu 6 í Reykjavík, kveðst búa í íbúð nr. 503 í Tryggvagötu 6 og var í íbúð sinni þegar umræddur atburður varð í íbúð nr. 505.

Vitnið heyrði nokkru eftir hádegi umræddan dag að barið var að dyrum hjá ákærðu, en ekki var opnað og hvarf viðkomandi á brott. Vitnið sá í gegnum gægjugat á hurðinni hjá sér að sá, sem hafði knúið dyra, var hávaxinn karlmaður, að vitnið minnir með skegg og gleraugu. Nokkru síðar heyrði vitnið aftur bankað hjá ákærðu og sá í gegnum gægjugatið að enn var sami maður á ferð.

Vitninu fannst maðurinn vera lengur við dyrnar í seinna skiptið. Það man ekki eftir að hafa heyrt hann kalla og segir að hann hafi bankað á dyrnar á eðlilegan hátt. Vitnið sá manninn ekki fara inn til ákærðu, en hann var horfinn nokkru seinna og gerði vitnið ráð fyrir að hann hefði farið inn til ákærðu.

Nokkru eftir þetta heyrði vitnið dynki og brambolt úr íbúð ákærðu og eins og smáátök. Vitnið heyrði að ákærða var eitthvað að segja, en ekki heyrði vitnið orðaskil en heyrði eitthvað í manninum.

Vitnið tekur fram að það hafi heyrt barið þrívægis á hurðina hjá ákærðu umræddan dag og í annað skiptið hafi það ekki séð hver var á ferð, en þá hafi verið bankað hranalega eða ákveðið.

Vitnið kveðst hafa heyrt lætin úr íbúð ákærðu eftir þriðja bankið, en þá var vitnið búíð að sjá manninn í annað sinn. Kynni lögreglan að hafa verið á ferðinni í annað sinnið sem barið var.

Vitnið segir að það hafi heyrt í útvarpinu og stappi ákærðu rétt áður en lögreglan kom á staðinn og eftir að dynkirnir og bramboltið hafði heyrst. Vitnið segir að atburðarásin í íbúð ákærðu hafi gerst fljótt.

Vitnið gaf áður skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni og segir við meðferð málsins að það sé farið að gleyma atburðinum, en málið hefði verið vitninu í fersku minni þegar það gaf rannsóknarlögreglunni skýrsluna sem það hefur staðfest við meðferð málsins. Þykir því rétt að geta nokkurra atriða úr henni.

Vitnið sagði að klukkan hefði verið um 14 þegar hávaxinn maður, grannur, með gleraugu og alskegg, hefði staðið fyrir utan íbúð ákærðu og

verið að berja að dyrum. Sá vitnið þetta í gegnum gægjugat á hurðinni hjá sér. Rétt á eftir sá vitnið út um glugga hvar maðurinn fór út á götu. Nokkru seinna kom maðurinn aftur að dyrum ákærðu og bankaði nú hranalega og kallaði hranalegri röddu að hún skyldi opna dyrnar. Fylgdist vitnið með þessu við og við, fékk sér að borða og gáði svo aftur og enn var maðurinn við dyrnar hjá ákærðu. Skömmu seinna gáði vitnið aftur og sá þá ekki manninn. Fannst vitninu maðurinn hafa þá verið búinn að vera 30-45 mínútur frammi á ganginum.

Um tíma varð vitnið ekki vart við neitt fyrir en eitthvað fyrir kl. 15 að það heyrði eins og tvö létt högg á vegginn sem skilur að íbúðirnar, en hann er ekki steiptur og því heyrir vel á milli. Skömmu seinna var eins og einhver gengi berserksgang í íbúð ákærðu. Var eins og einhver gengi á vegg og hvað sem fyrir varð auk þess sem vitnið heyrði óp og formælingar í ákærðu. Rétt á eftir hætti þetta, en vitnið heyrði þó í ákærðu formælingar og alls konar rugl. Vitnið heyrði ekki að neinn væri inni hjá henni á þessum tíma. Augnabliki síðar setti ákærða útvarpið á fullt smátíma, en lækkaði svo aftur. Inn á milli heyrði vitnið ruglið í ákærðu sem stappaði og klappaði með músikinni. Á milli datt allt í dúnalogn. Síðan fór vitnið að heyra muldur í ákærðu og eins og óm af karlmannsrödd, en greindi ekki orðaskil. Rétt á eftir, að vitnið minnti, heyrði vitnið ákærðu segja: „Hann datt í gólfíð, ég sagði honum að rísa upp.“ Ekki vissi vitnið við hvern ákærða var að tala, en óminn af karlmannsröddinni heyrði vitnið áður en útvarpið var sett á fullt. Vitninu fannst þetta ekki taka langan tíma frá því að það byrjaði og þar til það varð vart við að lögreglan var komin á vettvang. Vitnið sagði að þegar það varð vart við að barið var hranalega á hurðina hjá ákærðu og hún beðin að opna, þá gáði vitnið ekki að því hver þar væri, en gerði alveg ráð fyrir að þar væri maðurinn því að nokkru seinna leit vitnið út og sá, að hann stóð við dyrnar hjá henni. Vitnið varð ekki vart við, þegar maðurinn fór inn til ákærðu, og varð ekkert vart við lögregluna, fyrr en hún barði hjá henni og var hleypt inn. Vitninu fannst í upphafi eins og hurð væri lokað og síðan eins og ein manneskja gengi berserksgang, því að vitnið heyrði aðeins í ákærðu, öskur, óp og formælingar, en vitnið hafði ekki orðið vart við þegar maðurinn fór inn til hennar. Vitnið heyrði ekkert í manninum fyrr en nokkru seinna, þegar lætin höfðu minnkað, og þá bara mjög lágt og aldrei heyrði vitnið hávaða eins og þegar fólk er að rífast.

Vitnið Magnús Hörður Hákonarson, Dvergabakka 20 í Reykjavík, segir að ákærða hafi komið á heimili þess umrædda nótt eftir að hafa áður hringt og rætt við Hafþór Magnússon í síma. Hafði hún áfengi meðferðis og stansaði í um klukkustund. Vitnið minnir að það hafi verið Hafþór sem hún ræddi við, en vill ekki fullyrða neitt um það.

Eftir komu ákærðu í íbúðina varð rifrildi og átök í íbúðinni. Segir vitnið að rifist hafi verið um hitt og þetta, og voru það aðallega Hafþór og ákærða sem rifust. Fyrst urðu átök á milli Hafþórs og manns að nafni Valdimar Svavarsson í stofu íbúðarinnar. Eftir það fóru ákærða og Hafþór inn á salerni, og þar urðu einhver átök á milli þeirra. Eftir komu þeirra af salerninu urðu aftur átök á milli þeirra í stofunni. Vitnið segir að vaskur hafi brotnað á salerninu og heyrðist vitninu að hann brotnaði vegna þess að flösku væri slegið í hann. Fljótlega á eftir komu ákærða og Hafþór út af salerninu.

Vitnið segir að Hafþór hafi valdið einhverju hnjaski á húsgögnum vegna þess hversu ölváður hann var, en ekki af því að hann hafi ætlað að skemma þau vísvitandi.

Vitnið segir að ákærða hafi horfið á brott úr íbúðinni rétt eftir að hún hafi hlotið blóðnasir af völdum Hafþórs.

Vitninu var kynntur framburður ákærðu um það sem gerðist í íbúð vitnisins umrædda nótt. Vitnið man ekki betur en það hefur borið, en það megí vera að atburðarásin hafi eitthvað skolast til í minni sínu. Vitnið heldur fast við það að ryskingar hafi orðið í íbúðinni af völdum Hafþórs og Valdimars.

Vitnið heyrði ekki að ákærða og Hafþór ræddu um kannabisefni á meðan þau ræddu saman í stofunni. Vitninu heyrðist þau rífast um gömul ágreiningsefni og segir að í þeim viðræðum hafi Hafþór slegið til ákærðu með framangreindum afleiðingum.

Vitnið segir að það hafi ekki orðið vart við önnur átök á milli ákærðu og Hafþórs í stofunni en þegar hann sló til hennar með framangreindum afleiðingum. Hann fór á brott um hádegi næsta dag.

Vitnið Aðalsteinn Bernharðsson lögreglumaður, Álfheimum 44 í Reykjavík, kveðst hafa komið fyrst á vettvang í Tryggvagötu 6 greint sinn ásamt Gísla Jóni Matthíassyni. Íbúðin var læst, en ákærða opnaði og virtist nokkuð mikið ölvuð. Á gólfi í íbúðinni lá maður í blóði sínu og virtist rænulítill. Ákærða kvaðst hafa stungið manninn með hníf, en þeim hefði orðið sundurorða. Hún vildi ekki segja hvar hnífurinn væri. Væri maðurinn fyrrverandi sambýlismaður sinn. Vitnið man ekki eftir því að hafa heyrt ákærðu hafa orð á því að hún hefði stungið manninn í sjálfsvörn. Vitnið segir að ákærða hafi talað samhengislaust og virtist vera í uppnámi.

Vitnið gerði þegar ráðstafanir til að fá sjúkrabifreið á staðinn og ræddi síðan áfram við ákærðu, en Gísli Jón reyndi að hlúa að mannum sem virtist orðinn rænulítill.

Ákærða var mjög æst og rugluð og óð um herbergið og virtist geta verið undir áhrifum lyfja, en vitnið fann ekki áfengislykt af henni. Vitnið kveðst hafa spurt ákærðu að því, af hverju hún hefði gert þetta, og svaraði hún

því til, að hún og maðurinn hefðu verið í sambýli áður, en slitnað hefði upp úr því. Hún hefði ekki viljað fá hann inn til sín, en hann hefði þó komist inn og samræður þeirra endað með rifrildi og því að hún stakk manninn. Virtist vitninu sem ákærðu þætti þetta allt eðlilegt. Var ákærða mjög óróleg og tók meðal annars myndavél af borði og bað vitnið að hjálpa sér með leifturljósið, en hún kvaðst ætla að taka mynd af manninum. Tók vitnið myndavélina af ákærðu og lét hana á borð. Rétt á eftir kom sjúkralið og síðan fleiri lögreglumenn sem tóku ákærðu og fluttu á brott. Vitnið gat ekki séð á íbúðinni, að nein átök hefðu orðið, er vitnið kom þar inn. Lá maðurinn á gólfinu með höfuðið í áttina að rúmi, en þegar sjúkralið kom á vettvang var lítið sófaborð, sem þarna stóð, fært til svo að læknir og hjúkrunarfræðingur kæmust að til að hlúa að manninum.

Vitnið gerði skýrslu um komu þeirra Gísla Jóns á vettvang umrætt sinn og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Vitnið Gísli Jón Matthíasson lögreglumaður, Hlíðarbyggð 12, Garðabæ, kom ekki fyrir dóm, þar sem hann var við meðferð málsins erlendis og ekki talinn væntanlegur fyrr en í vor. Rétt þykir að gera grein fyrir fram-
burði hans hjá rannsóknarlögreglu.

Vitnið sagði að ákærða hefði opnað fyrir þeim lögreglumönnum þannig að hún stóð á bak við hurðina. Þá blasti við þeim lögreglumönnum maður sem lá í blóði sínu á gólfinu og virtist rænulítill.

Vitnið kvað þá lögreglumennina hafa spurt ákærðu hvað væri að gerast og hún svarað því þannig að þetta væri ekkert, bara smávegis hjónaerjur.

Vitnið fór að kanna ástand mannsins, en Aðalsteinn hringdi eftir sjúkra-
bifreið og á meðan beðið var eftir sjúkraðibifreiðinni reyndu þeir að hlúa að manninum eftir bestu getu. Vitnið segir, að þeir hafi þrúspurt að því, hvað hefði gerst og ákærða sagt, að hún hefði stungið manninn með litlum hníf, en það væri ekkert á móts við það sem hann hefði gert henni. Sýndi hún þeim ör á hálsi til sannindamerkis um það og kvað manninn hafa skorið sig á háls auk þess sem hann hefði brotið í henni tennur. Sýndi hún þeim það einnig. Ekkert var hægt að fá út úr ákærðu hvar hnífurinn væri. Vitnið segir að á meðan það var að hlúa að manninum hafi ákærða ætlað að taka mynd á myndavél af manninum, þar sem hann lá, og beðið þá að hjálpa sér með leifturljós, en Aðalsteinn tók af henni myndavélina. Síðan settust þau niður og Aðalsteinn talaði við hana, en vitnið sneri sér að manninum. Skömmu síðar kom sjúkralið og sneru þeir lögreglumennirnir sér að því að leita að hnífnum auk þess sem þeir aðstoðuðu sjúkraliðsmenn eftir þörfum.

Vitninu virtist ákærða vera mjög rugluð og æst. Talaði hún tóma þvælu og virtist reyna að gera sem minnst úr þessu öllu. Vitnið fann ekki áfengis-
lykt af ákærðu og fannst frekar að hún væri undir áhrifum einhverra lyfja.

Vitnið mundi ekki til þess að ákærða hefði gefið skýringu á verknaðinum. Hún minntist ekkert á að þau hefðu verið í ryskingum, en vitninu fannst á henni sem hún væri að hefna sín á manninum, enda bar íbúðin engin sérstök merki um ryskingar.

Vitnið Páll Ástþór Jónsson, fyrrverandi lögreglumaður, Skipholti 8 í Reykjavík, stóð að því að flytja ákærðu frá Tryggvagötu 6 þegar eftir atburðinn. Segir vitnið að ákærða hafi verið að mati þess mjög rugluð vegna áfengis- og lyfjaáhrifa.

Vitnið Valgarður Sveinn Hafdal varðstjóri, Kambaseli 15 í Reykjavík, man eftir því að ákærða var leidd fyrir það á lögreglustöðinni þegar eftir að hún var handtekin.

Vitnið segir að ákærða hafi verið talsvert undir áfengisáhrifum og hugsanlega undir áhrifum lyfja.

Vitnið segir að ákærða hafi verið róleg í viðræðum og virtist eins og það hefði ekki verið neitt mál þó að maðurinn hefði orðið fyrir hnífstungunni.

Vitnið minnir að ákærða hafi sagt að maðurinn hefði verið að ónáða hana að undanfögnu og væri það ástæðan fyrir verknaðinum. Ekki man vitnið eftir að ákærða minntist á sjálfsvörn í sambandi við málið.

Vitnið Sigurjón Pálsson varðstjóri, Miðvangi 105 í Hafnarfirði, gerði skýrslu eftir segulbandsupptöku fjarskiptamiðstöðvar lögreglunnar um samtal ákærðu við lögregluna nokkru áður en atburðurinn gerðist. Hefur vitnið staðfest þessa skýrslu sína við meðferð málsins.

Vitnið Bertram Henry Möller lögreglumaður, Tunguvegi 24 í Reykjavík, hefur staðfest við meðferð málsins áðurgreindar tvær skýrslur sínar.

Vitnið Bjarni Jóhann Bogason rannsóknarlögreglumaður, Helgubraut 23 í Kópavogi, vann við töku ljósmynda, gerð skýringa við þær og upprátt. Þá gerði vitnið skýrslu um rannsókn á fatnaði ákærðu. Hefur vitnið staðfest þessi verk sín við meðferð málsins.

Vitnið Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn, Giljalandi 4 í Reykjavík, gerði skýringar við ljósmyndir og skýrsluna um fund hnífsins. Hefur vitnið staðfest þessi verk sín við meðferð málsins.

Þá hefur þetta vitni skýrt svo frá að það hafi komið á vettvang í íbúð ákærðu þegar verið var að bera Hafþór út úr íbúðinni. Vitnið kannaði vettvang og sá engin merki þess að átök hefðu orðið í íbúðinni önnur en blóðpolla og blóðslettur á gólfi og veggjum.

Vitnið segir að sjónvarpið í íbúðinni hafi staðið við rimlahengi í íbúðinni, og var hengið við fótagafl að rúmi. Fyrir framan sjónvarpsskerminn og fast upp við hann var stóll. Ofan á sjónvarpinu var blómapottur og stór vasi eða kerti. Ekki var sjáanlegt að þetta hefði fallið á gólfið. Sá vitnið enga mold á gólfinu úr blómapottinum né skemmdir á blóminu sjálfu eftir

fall. Vitnið sá ekki að lampaskermur, sem var í íbúðinni, hefði verið skemmdur, en hins vegar athugaði vitnið skerminn ekki sérstaklega. Vitnið segir að sér hafi fundist vel um íbúðina gengið.

Vitnið Þórarinn Arnórsson læknir, Suðurhólum 8 í Reykjavík, staðfestir að það hafi framkvæmt skurðaðgerð á Hafþóri eftir að hann hafði hlotið hnífstungurnar. Þá staðfestir vitnið, að áðurgreint læknisvottorð sé rétt.

Vitnið segir að hnífstungan í brjóstholið hafi sett í sundur slagæð, en stungan í hálsinn hafi verið skaðlaus, aðeins húðsár. Vitnið segir að aðgerðin á Hafþóri hafi verið fljótleg, en stungan hafi verið lífshættuleg. Hafði Hafþór misst mikið blóð þegar hann fór í aðgerðina, en hefði þolað lengri bið. Telur vitnið að Hafþór hefði þolað að biða eftir aðgerð í 10-15 mínútur í viðbót. Vitnið segir að áverkinn hafi verið það mikill að stungunni hafi verið fylgt eftir nokkuð fast. Vitnið segir að rispan í lungað hafi verið smávægileg og æðin, sem hnífurinn fór í, hafi verið aftan á fremri brjóstvegg.

Ákærðu voru, eins og áður greinir, tekin tvö blóðsýni til rannsóknar, og var það gert umræddan dag klukkan 16.30. Var annað sýnið rannsakað með tilliti til þess, hversu mikið alkóhól væri í því, og reyndist það 2,02‰. Hitt sýnið var rannsakað með tilliti til þess, hvort barbitúrsýru-sambönd eða benzodíazepínsambönd væru í því, og reyndist það ekki í mælanlegu magni í blóðinu. Samkvæmt því segir í vottorðinu, að öruggt megi telja, að hlutaðeigandi hafi ekki tekið lyf úr þessum flokkum síðustu tvo sólarhringa áður en sýnið var tekið. Var það Rannsóknastofa í lyfja-fræði sem rannsakaði bæði sýnin.

Ákærða var rannsökuð í fangelsinu í Síðumúla 20 sama dag og atburðurinn gerðist. Segir í vottorði, undirrituðu af Sigurði Árnasyni fangelsislækni sama dag klukkan 21.50, að hann hafi skoðað ákærðu sem komi sæmilega fyrir og svari öllum spurningum skýrt og greinilega og í samhengi. Skýrði hún læknum svo frá að hún hefði neytt áfengis undanfarið. Segir í vottorðinu að ákærða sé greinilega með nokkur fráhrarfseinkenni. Hún neiti notkun annarra vímuefna en áfengis og tóbaks. Að lokum segir svo í vottorði fangelsislæknisins um skoðun á ákærðu:

„Bólgin efrivör hm. og að innan á slímhúð er sár eftir tönn, greinilega eftir högg utan frá, í slímhúðinni ca. 1x1 cm. Á barka vi. megin nýl. mar, ca. 1x1 cm. Áberandi nýleg stunguför í báðum olnbogabótum, sem fanginn segir eftir blóðsýnatöku á slysadeild. Ekki að sjá gamlar stungur. Á fram-handleggjum beggja vegna 2-3 cm stórir gamlir marblettir. Á hæ. læri framanvert mar ca. 5x10 cm, nýtt. Á baki hæ. rispa ca. 7 cm, nýleg. Á vi. læri aftan til og utan til nýl. mar, ca. 5x7 cm. Ekki áverkamerki á hnúum. Neitar áverkum á kynfærum. Engin klínisk merki um beináverka.“

Peysa, gallabuxur og blússa, sem ákærða var í, þegar hún var handtekin,

var rannsakað hjá rannsóknarlögreglu og reyndust blóð og blóðblettir og blóðstrokur í þessum fatnaði.

Sambúð ákærðu og Hafþórs Magnússonar.

Í málinu hafa verið lögð fram læknisvottorð og lögregluskýrslur um meidsli ákærðu og Hafþórs, á meðan þau voru í sambúð, vegna átaka í ölæði. Ekki þykir ástæða til þess að rekja þessi tilvik hvert um sig sérstaklega, en engin leiddu þau til sérstakra eftirmála. Þá hefur verið lagt fram vottorð frá fyrrverandi starfsmanni Kvennaathvarfsins þess efnis að ákærða hafi leitað þangað alls 6 sinnum til lengri eða skemmri tíma á árunum 1983 og 1984 vegna siendurtekinna líkamsmeiðinga, sem ákærða tjáði starfsmanninum að væru af völdum Hafþórs.

Vitnið Hafþór segir að ákærða hafi af sínum völdum hlotið í nokkur skipti glóðaraugu og handleggisbrot einu sinni. Þá hefur vitnið verið sakað um að hafa valdið ákærðu tannbroti, höfuðkúpbroti og skurði á háls. Telur vitnið að þetta gæti verið rétt, en man ekki eftir þessu sökum ölvunar í umrædd skipti.

Vitnið segir að ákærða hafi stungið það með hníf í allt í 5-6 skipti á meðan á sambúð þeirra stóð. Voru þetta allt minni háttar áverkar sem aðeins tvívegis leiddu til þess að vitnið fór á slysadeild. Vitnið segir að einu sinni hafi ákærða barið það með buffhamri og öðru sinni hellt sjóðheitu vatni yfir vinstri fót þess, svo að hann hljóp upp í blöðrum.

Vitnið segir, að það hafi tekið á móti ákærðu, þegar hún réðst á það, og veitt henni áverka, meðan á sambúðinni stóð. Segir vitnið, að í 90% tilvika, þegar þau neyttu áfengis, hafi það leitt til átaka á milli þeirra sem oft enduðu með meidslum. Ódrukkin lentu þau aldrei í átökum.

Vitnið segir að ákærða hafi nokkrum sinnum leitað í Kvennaathvarfið á meðan þau voru saman og jafnvel á meðan það var úti á sjó.

Ákærða segir, að þau Hafþór hafi oft lent í átökum ölvuð, meðan á sambúðinni stóð. Einu sinni fékk þó ákærða glóðarauga, þegar þau voru ódrukkin. Ákærða kveðst ekki hafa rekið hníf í Hafþór í 5 eða 6 skipti, aðeins einu sinni fyrir utan það skipti sem málið snýst um. Heitt vatn fór yfir fót hans fyrir slysi. Atvikið með buffhamarinn sé rétt.

Ákærða segir, að Hafþór hafi, eftir að sambúð þeirra var slitið, oft haft samband við ákærðu og þá oftast vegna þess að hann var að útvega ákærðu kannabisefni. Þessi samskipti ákærðu og Hafþórs leiddu margsinnis til þess, að Hafþór lagði hendur á hana og braust stundum inn til hennar.

Geðheilbrigði ákærðu og sakhæfi.

Samtímis því að vera úrskurðuð í gæsluvarðhald var ákærðu gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sinni og sakhæfi.

Hannes Pétursson, yfirlæknir á geðdeild Borgarspítalans, framkvæmdi þessa rannsókn, og í niðurlagi skýrslu hans, dagsettrar 18. apríl sl., segir svo:

„Að mínu áliti er Þorbjörg Sonja Aðalsteinsdóttir ekki haldin formlegri geðveiki né heldur greindarskort. Hins vegar tel ég, að Sonja eigi við að stríða alvarlegar persónuleikatrufanir, sem hafa m.a. lýst sér í alvarlegum atferlisvandkvæðum allt frá bernsku, lélegri skóla- og atvinnusókn, áfengis-sýki og fíkniefnaneyslu auk almenns rötleysis í lífsháttum. Hugsanlegt er að eitthvað af framangreindum truflunum eigi rætur að rekja til erfiðra uppeldisskilyrða í bernsku og á unglingsárum.

Að því er varðar nánasta aðdraganda þess verknaðar, sem Sonju er gert að sök að hafa framið, þá hafði hún að eigin sögn neytt áfengis allt frá því um kvöldið daginn áður, verið svefnlaus, þreytt og spennt. Þetta er í samræmi við niðurstöður alkóhólmælingar í blóði. Að sögn Sonju hefur þolandinn í máli þessu oftsinnis beitt hana líkamlegu ofbeldi á undanförmum árum og síðast þegar þau voru bæði í ölvunarástandi aðfaranótt þess dags sem verknaðurinn átti sér stað. Líklegt verður að teljast að áfengisáhrifin, svefnleysi og þreyta ásamt spennu hafi dregið úr sjálfsstjórn Sonju og skert nokkuð dómgreind hennar. Af framburði Sonju og viðtölum við hana bendir ekkert til þess að hún hafi fundið fyrir flogaveikieinkennum, hvorki rétt áður né á þeirri stundu, sem ætlað brot var framið. Þó líklegt megi teljast, að dómgreind og sjálfsstjórn Sonju hafi verið sljóvguð vegna ölvunar og þreytu þegar atburðurinn átti sér stað, þá tel ég að raunveruleikamat og dómgreind hennar sé annars með þeim hætti að hún teljist sakhæf.

Persónuleikatrufanir af því tagi, sem lýst er hér að faman og í skýrslu um sálfræðileg próf, eru yfirleitt meira eða minna varanlegar. Slíkir einstaklingar eiga oft erfitt með að læra af fenginni reynslu og læknisfræðileg meðferð í eiginlegum skilningi þess orðs ber oft lítinn árangur. Slíkar truflanir lagast þó stundum með árunum og er ekki útilokað að viðkomandi komist til betri persónuleikaþroska. Í því sambandi er þýðingarmest að Sonja geri sér grein fyrir því að hún verður að halda sig alveg frá áfengis- og fíkniefnaneyslu. Sömuleiðis er þýðingarmikið að Sonja leiti sér sérfræðilegrar aðstoðar til rannsóknar á hugsanlegri flogaveiki og meðferðar ef þörf krefur.“

Niðurstöður.

Með játningu ákærðu, sem studd er framburði vitna, læknisvottorði og öðru, sem fram er komið í málinu, er sannað, að ákærða stakk Hafþór Magnússon umrætt sinn með hníf í brjóst, rétt hægra megin við bringubein, og í háls þannig, að Hafþór hlaut þá áverka, sem er lýst í ákærinni í samræmi við læknisvottorð.

Ákærða hefur haldið því fram að hún hafi framið verknaðinn í sjálfsvörn. Ekki verður séð af frásögn ákærðu, sem hefur ekki ætíð verið hin sama, að Hafþór hafi lagt á ákærðu hendur í ofbeldisskyni né sýnt af sér slíkt atferli í þetta skipti að réttlætt geti það að stinga hníf í brjóst hans. Fram er komið að sambúð og samskipti ákærðu og Hafþórs voru stormasöm og leiddu oft til meiðsla, og síðast nóttina fyrir atburðinn varð ákærða fyrir meiðslum af völdum Hafþórs. Var því ekki óeðlilegt að hún væri hrædd við hann og hefði á sér andvara. Hins vegar voru viðbrögð ákærðu á engan hátt í samræmi við framkomu Hafþórs, jafnvel þótt hann hefði sýnt af sér þá háttsemi í hennar viðurvist í þetta sinn sem hún sjálf fullyrðir. Verður þess vegna því hafnað að um sjálfsvörn hafi verið að ræða.

Ósannað þykir að ákærða hafi ætlað að bana Hafþóri með hnífslaginu, þótt sumt í framkomu hennar, eftir að hún hafði lagt til hans með hnífnum, bendi til þess, að henni væri sama, hvaða afleiðingar verknaður hennar hefði. Þá er ekki hægt að ganga fram hjá því að ákærða reyndi að hringja eftir aðstoð. Hitt er ljóst að ákærðu gat með engu móti dulist að sú háttsemi að stinga Hafþór í brjóstið með beittum hníf var langlíklegust til þess að valda bana, enda er í ljós leitt, að svo hefði farið, ef ekki hefði komið til stutt leið á næsta sjúkrahús og snögg viðbrögð lækna, en læknir sá, sem skar Hafþór upp, hefur upplýst að hann hefði ekki þolað að bíða lengur en í 10-15 mínútur í viðbót án aðgerðar. Þykir brot ákærðu því varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærðu:

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1968 11/10 Reykjavík. Dómur: Sakfelld fyrir brot á 218. gr. hegningarlaga, en ekki gerð sérstök refsing.

1986 1/9 Reykjavík. Ávana- og fíkn.: Sátt, 8.000 kr. sekt, fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, og 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, sbr. 2. gr. og 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Þá var ákærða svipt sjálfræði 21. febrúar 1969, en endurveitt það 20. apríl 1979.

Refsing.

Við ákvörðun refsingar ákærðu þykja engin bein skilyrði til að beita ákvæðum 74. gr. almennra hegningarlaga til refsilækkunar, þó að horfa megi að einhverju leyti til 4. tl. umræddrar lagagreinar þegar litið er til fyrri samskipta ákærðu og Hafþórs Magnússonar. Með hliðsjón af þessu þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin fangelsi fjögur ár.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt að láta áðurgreint

gæsluvarðhald ákærðu frá 12. febrúar 1987 kl. 18.25 til 17. mars 1987 klukkan 16 koma refsingu hennar til frádráttar, samtals 33 dagar.

Sakarkostnaður:

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 60.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 85.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Þorbjörg Sonja Aðalsteinsdóttir, sæti fangelsi í fjögur ár. Til frádráttar refsingunni skal koma 33 daga gæsluvarðhald ákærðu.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 60.000,00 krónur, er renni í ríkissjóð, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 85.000,00 krónur.
